

**Ræða Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra  
Umræður utan dagskrár – um stöðu Landspítalans**

Virðulegur forseti.

Háttvirtur 4. þingmaður Reykvíkinga gerir hér nokkur atriði í rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss að umræðuefni sem í sjálfu sér er fagnaðarefni og eðlilegt í alla staði. Ekki síst þar sem málefni spítalans voru nokkuð til umræðu opinberlega fyrir nokkrum vikum.

Háttvirtur 4. þingmaður Reykvíkinga spyr hvort ráðherra ætli sér að taka á deilunum og óánægju á LSH, sem endurspeglast hefur í umfjöllun undanfarið um stjórnkerfisvanda á spítalanum? Ef svo er þá hvernig?

Hér er gengið út frá að stjórnkerfisvandi sé til staðar á Landspítalanum, sem leitt hafi til deilna og óánægju. Er hér sennilegast vísað til yfirlýsinga yfirlækna, hjúkrunarfræðinga og lyfjafræðinga. Rauður þráður í yfirlýsingum þessum er gagnrýni á svokallað sviðsstjórnkerfi spítalans.

Rétt er að taka fram vegna umræðna um sviðsstjórnkerfið að því kerfi var í raun komið á á Ríkisspítölunum fyrir tæpum tveimur áratugum og fyrir tæpum 15 árum á Borgarspítalanum gamla. Kerfið var endurnýjað fyrir skemmstu og nokkrir talsmenn tiltekins hóps yfirlækna hafa haldið því fram að sviðsstjórifyrirkomulagið standist ekki ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, þeir hafa kvartað undan sviðsstjórnunum, þeir hafa dregið í efa faglega hæfni þeirra, og gagnrýnt stjórn spítalans harðlega á opinberum vettvangi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfesti með lögum hætti skipurit spítalans fyrir margt löngu. Í því felst að skipuritið er í fullu samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er það svo að lýsing á hlutverki sviðsstjóra í greinargerð með skipuriti og starfslýsing sviðsstjóra lækninga frá 1. október 2000 er í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.

Opinberlega hefur verið látið að því liggja að sviðsstjórar lækninga væru handvaldir og að ekki séu gerðar til þeirra viðeigandi hæfniskröfur. Er í þessu sambandi rétt að taka fram að sviðsstjórar lækninga eru valdir úr hópi yfirlækna og eðli máls samkvæmt gerðar til þeirra miklar kröfur enda hafa þeir áður verið hæfnismetnir sem yfirlæknar.

Ég er þeirrar skoðunar að deilur af því tagi sem uppi voru á Landspítala eigi að leysa inná spítalanum sjálfum og treysti því að stjórnendur og starfsmenn setji niður deilur sínar með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi og ég veit ekki betur en menn hafi fullan vilja til að tala saman. Lýstu forstjóri spítalans, formaður lækna ráðs og formaður hjúkrunarráðs vilja sínum til að vinna markvisst að bættum samskiptum innan sjúkrahússins í sameiginlegri viljayfirlýsingu sem þau sendu frá sér 8. apríl sl.

Háttvirtur 4. þingmaður Reykvíkinga spyr um hvort allir sjúkir fái viðunandi þjónustu á Landspítalanum.

Virðulegur forseti.

Háttvirtur málshefjandi gengur út frá því í spurningunum sem hann beinir til mín að fjárheimildir Landspítala hafi dregist saman. Talað er um aðhaldsaðgerðir, sparnað og hagræðingu.

Það er rangt þegar því er haldið fram að spítalanum hafi verið gert að spara og hagræða undanfarin misseri. Heildarframlög, með aukafjárveitingum, hækkuðu til dæmis frá árinu 2002 til ársins 2004 úr 24,1 milljarði króna í 25,5 milljarða í fyrra. Það er brýnt að menn hafi þessar staðreyndir hugfastar.

Það er hugsanlegt að hagræðing, sem er alls ekki það sama og sparnaður, en umfram allt breytingar í þjónustu geti í einhverjum tilvikum haft áhrif á sjúklinga og starfsfólk, en almennt talað fá sjúklingar góða þjónustu á Landspítalanum. Í alvarlegustu tilvikunum fá þeir þjónustu þar sem hvergi er hægt að veita annars staðar í landinu.

Það er skoðun mín að sjúkir fái viðunandi þjónustu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ég treysti stjórnendum spítalans fullkomlega til að forgangsraða verkum þannig í rekstrinum að þeir fái þjónustuna sem þurfa á henni að halda.

Það er erfitt verk og tekur á að sameina tvo spítala í einn. Það reynir á stjórnendur og það reynir á starfsmenn Landspítala. Á sama tíma hefur rekstur spítalans batnað og á sama tíma hefur starfssemin aukist umtalsvert sjúklingum til hagsbóta. Það er von mín að erfiðleikar af þessu tagi séu senn að baki og að menn geti horft fremur til framtíðar en að láta tímabundna erfiðleika trufla sig, en mér finnst full ástæða til að þakka starfsmönnum fyrir þolinmæðina sem þeir hafa sýnt í sameiningarferlinu.

Háttvirtur þingmaður spyr um taugadeildina sérstaklega. Þar voru mönnunarvandræði fyrr í vetur, það er mikið álag á deildinni, en eftir viðræður stjórnenda og starfsmanna í liðinni viku er nú unnið að því að fullmanna deildina og þegar hafa verið settar fram áætlanir um það hvernig það verður gert. Það er einnig hafin vinna við að skoða húsnæðismál deildarinnar með það í huga að efla dag- og göngudeildarþjónustu. Bind ég vonir við að þau áform sem mér hafa verið kynnt færi aðstæður á taugadeildinni í gott horf.

Virðulegur forseti

Háttvirtur 4. þingmaður Reykvíkinga spyr um svokallaðan fráflæðisvanda. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að dregið hefur verulega úr þeim vanda. Á öldrunarsviði hefur tilkoma Vífilsstaða og fleiri úrræði orði til þess að þeim hefur fækkað úr um eitt hundrað í sextíu sem bíða eftir pláss og almennt hefur fækkað í þeim hópi sem bíður eftir varanlegri vistun.

Við þetta má bæta að í undirbúningi eru hjúkrunarheimili hér á Höfuðborgarsvæðinu sem munu þegar þau verða tekin í gagn við gjörbreyta þessari stöðu.

Virðulegur forseti.

Ég vona að spurningum háttvirts 4. þingmanns Reykvíkinga hafi verið svarað.

**(Talað orð gildir)**